

Ísafjarðarbær
Bæjarráð
Bryndís Ósk Jónsdóttir bæjarritari

21.05.2021

Erindi til bæjarráðs • Húsnæðismál háskólanemenda

Með tilkomu nýrrar námsleiðar í Byggðafræði hyggst Háskóla­setrið til lengri tíma tvöfalda námsmannafjöldann. Námsleiðin fór af stað 2019, hægt fyrst og svo með töl­u­verðri óvissu vegna covid-19, en nú haustið 2021 er útlit fyrir að Háskóla­setrið nái settum tölulegum markmiðum.

Fjöldi nýnema í meistaranámi, sem hefur verið stöðugur síðan 2009 í rúmlega 20 manns, mun þá fara upp undir 40 manns. Auk þess hefur fjöldi nemenda sem vinna sína lokaritgerð hér á Vestfjörðum og dvelja þar af leiðandi hér á öðru námsári aukist (úr 25% í meira en 50%), sem er ánægjulegt og hefur alltaf verið markmiðið, enda líklegast að þessir nemendur standi vinnumarkaðinum til boða. Fjöldi nemenda sem dvelur á Vestfjörðum tveim árum eftir útskrift er 12% af 171 sem hafa útskrifast í heild.

Húsnæðismarkaðurinn hefur árum saman tekið við þessum nemendum, enda verulegar tekjur af því. Ég er vongóður um að svo verði líka í framtíðinni. Hins vegar ber fjölgun nemenda í haust brátt að.

Það eru ýmsar leiðir til að leysa skammtí­mahúsnæðisvanda, háskólar setja upp íbúðagáma, mynda leigufélög, byggja stúdentagarða eða treysta á bæjarfélag og einkafram­tak. Háskóla­setur Vestfjarða er opið fyrir öllum lausnum

Með þessum pósti vil ég upplýsa Bæjarráð um stöðu mála. Að óbreyttu stefnir í töluvert affall vegna húsnæðiseklu meðal nemenda og kann fjöldi nýnema þá að falla undir 30. Það væri fróðlegt að heyra hvort Ísafjarðarbær hefur langtí­masýn hvað húsnæðismál nemenda varðar, en þó ekki síður hvort til eru hugmyndir um eða ábendingar hvernig bregðast eigi við aðsteðjandi skammtí­mavanda.

Ég er gjarnan til í að koma fyrir bæjarráð, sé þess óskað.

Peter Weiss
Forstöðumaður
weiss@uw.is
450 3045 • 869 3045